

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar vegna skógræktar- og landgræðslusvæðis SL7, græna trefilsins.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. ágúst 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 20. júní 2023.

Í breytingunni felst að skógræktar- og landgræðslusvæði SL7, græni trefillinn, stækkar um 8 ha sunnan við ÍB23 ofan byggðar á Akureyri. Óbyggt svæði minnkar sem því nemur.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. ágúst 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 31. ágúst 2023